

Tillaga til þingsályktunar

um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var af hálfu Íslands 30. mars 2007.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd 30. mars 2007. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari (sbr. fskj. I og II).

Með þingsályktun nr. 43/140, um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 (440. mál 140. löggjafarþings 2011–2012), ályktaði Alþingi að undirbúa skyldi fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og stefna bæri að því að ljúka þeirri vinnu á árinu 2013. Skipa skyldi samstarfsnefnd ráðuneyta um undirbúning fullgildingar samningsins og áttu ráðuneytin að yfirfara gildandi löggjöf á sínum málefnasviðum með tilliti til þeirra skuldbindinga sem samningurinn felur í sér.

Innan stjórnarráðsins var umsjón með verkefninu hjá innanríkisráðuneyti en einstakir verkþættir á ábyrgð annarra ráðuneyta. Komið var á fót samráðsvettvangi stjórnarráðsins með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Leiddi greining á efni samningsins og lagaumhverfi í ljós að 17 ákvæði samningsins kölluðu á nánari skoðun eða lagabreytingar.

Undirbúningur fullgildingar hefur tekið lengri tíma en áætlað var vegna umfangs verkefnisins. Vinnan er nú hins vegar það langt komin innan ráðuneytanna að rétt þykir að leggja nú fram þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins. Felst jafnframt í henni yfirlýsing Alþingis um að þeim lagafrumvörpum sem enn er eftir að samþykkja verði veitt brautargengi svo að þau mikilvægu réttindi fatlaðs fólks sem samningurinn verndar nái fram að ganga.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti samninginn um réttindi fatlaðs fólks og valkvæða bókun hans 16. desember 2006. Hinn 30. mars 2007 var opnað fyrir undirskriftir og þann dag undirrituðu 81 aðildarríki samninginn, þar á meðal Ísland. Síðan þá hafa 166 aðildarríki fullgilt samninginn. Samningurinn viðurkennir mannréttindi fatlaðs fólks, sem eru þau sömu og annarra, en staðfestir jafnframt rétt fatlaðs fólks til að njóta þessara réttinda. Markmið samningsins, eins og fram kemur í 1. gr. hans, er að fatlað fólk njóti allra mann-

réttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi og að auka virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess.

Áætlað er að um 10% mannkyns teljist til fatlaðs fólks og því er um að ræða stærsta minnihlutahóp heims. Litið hefur verið á málefni fatlaðs fólks sem viðfangsefni velferðar- og heilbrigðiskerfa en ekki sem mannréttindi einstaklinga. Ástæða fyrir tilurð alþjóðlegs mannréttindasáttmála um réttindi fatlaðs fólks er sú staðreynd að þrátt fyrir að fatlað fólk eigi sömu mannréttindi og aðrir þá er því oft ekki gert kleift að nýta sér réttindi sín. Samningurinn er því til fyllingar öðrum mannréttindasamningum en felur ekki í sér ný réttindi til fatlaðs fólks. Öllu heldur útskýrir hann skyldur aðildarríkjanna til að virða og tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til að njóta mannréttinda sinna. Kjarni samningsins snýr að jafnrétti en jafnrétti er tryggt í 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands.

Samningurinn skiptist í fimm hluta. Í fyrsta hluta koma fram, auk formálsorða, markmið samningsins og skilgreiningar. Í öðrum hluta (3.–9. gr.) er að finna grundvallarreglur samningsins. Í þriðja hluta (10.–30. gr.) er kveðið á um þau réttindi sem eiga að njóta verndar samkvæmt samningnum. Í fjórða hluta (31.–40. gr.) eru ákvæði um framkvæmd samningsins og eftirlit með honum og í fimmta hluta (41.–50. gr.) eru hefðbundnar lokagreinar.

Almennar meginreglur.

Samningurinn kveður á um almennar meginreglur (3. gr.) sem veita aðildarríkjum og öðrum aðilum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd samningsins. Meginreglurnar eru:

- Virðing fyrir eðlislægri mannlegri reisn, sjálfræði einstaklinga, þ.m.t. frelsið til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga.
- Bann við mismunun.
- Full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar.
- Virðing fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni.
- Jöfn tækifæri.
- Aðgengi.
- Jafnrétti á milli karla og kvenna.
- Virðing fyrir getu fatlaðra barna sem þróast og breytast og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína.

Réttindi fatlaðs fólks.

Þau borgaralegu, menningarlegu, efnahagslegu, stjórnmálalegu og félagslegu réttindi sem samningurinn mælir fyrir um taka til allra einstaklinga en samningurinn tekur á þeim aðgerðum sem aðildarríki verða að grípa til í því skyni að tryggja að fatlað fólk njóti þeirra til jafns við aðra. Samningurinn tekur einnig sérstaklega á réttindum kvenna og barna (6. og 7. gr.) og sviðum þar sem aðgerða aðildarríkja er þörf, svo sem vitundarvakningar (8. gr.), tölfraði og gagnasöfnunar (31. gr.) og alþjóðlegs samstarfs (32. gr.).

Þau réttindi sem samningurinn fjallar sérstaklega um eru:

- Jafnrétti og bann við mismunun (5. gr.).
- Réttur til lífs, frelsis og mannhelgi (10. og 14. gr.).
- Réttarstaða til jafns við aðra (12. gr.).
- Frelsi frá því að sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (15. gr.).
- Frelsi frá því að sæta misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum (16. gr.).

- Réttur til líkamlegrar og andlegrar friðhelgi (17. gr.).
- Ferðafrelsi og réttur til ríkisfangs (18. gr.).
- Réttur til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu (19. gr.).
- Skoðana- og tjáningarfrelsi (21. gr.).
- Virðing fyrir einkalífi (22. gr.).
- Virðing fyrir heimili og fjölskyldu (23. gr.).
- Réttur til menntunar (24. gr.).
- Réttur til heilsu (25. gr.).
- Réttur til vinnu (27. gr.).
- Réttur til viðunandi lífskjara (28. gr.).
- Réttur til þátttöku í stjórnámálum og opinberu lífi (29. gr.).
- Réttur til þátttöku í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi (30. gr.).

Aðgerðir á vegum aðildarríkis.

Samningurinn tekur sérstaklega á sviðum þar sem aðildarríki þurfa að beita sér með ákveðnum hætti til þess að fatlað fólk fái notið réttinda sinna enda er það ekki það sama að eiga réttindi og geta nýtt sér þau. Af þeim sökum leggur samningurinn aðildarríkjum þá skyldu á herðar að skapa þær aðstæður að fatlað fólk geti nýtt sér réttindi sín til jafns við aðra. Þau ákvæði sem snúa að þessum þáttum varða:

- Vitundarvakningu (8. gr.) svo að einstaklingar með og án fötlunar skilji réttindi sín og ábyrgð.
- Aðgengi (9. gr.) sem er grundvallaratriði svo að einstaklingar fái notið réttinda og geti lifað sjálfstæðu lífi.
- Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð (11. gr.) en við aðstæður sem þessar þarf sérstaklega að huga að vernd fatlaðs fólks.
- Aðgangur að réttarkerfi (13. gr.) sem er grundvallaratriði svo að fatlað fólk geti krafist réttinda sinna.
- Ferlimál einstaklinga (20. gr.) en það að geta komist ferða sinna er grundvallarþáttur í að lifa sjálfstæðu lífi.
- Hæfing og endurhæfing (26. gr.) til að gera fötluðu fólki kleift að öðlast og viðhalda sem mestu sjálfstæði og getu.
- Tölfræði og gagnaöflun (31. gr.) sem er grunnur þess að móta og innleiða stefnu til að efla og vernda réttindi fatlaðs fólks.

Alþjóðlegt samstarf.

Í samningnum er einnig að finna sérstakt ákvæði sem fjallar um alþjóðlegt samstarf við að ná markmiðum samningsins (32. gr.).

Almennar skuldbindingar aðildarríkja.

Almennar skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt samningnum (4. gr.) fela í sér:

- að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að innleiða þau réttindi sem samningurinn felur í sér,
- að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki verði breytt eða þau afnumin,

- að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanir,
- að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samninginn og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,
- að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að útrýma mismunun vegna fötlunar af hálfu einstaklinga, stofnana eða einkaaðila,
- að framkvæma eða efla rannsóknir og þróun á vörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu með algildri hönnun skv. 2. gr. samningsins sem breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérþörfum fatlaðs fólks, að auka framboð á þeim og ýta undir algilda hönnun þegar móta á staðla og leiðbeiningar,
- að framkvæma eða efla rannsóknir og þróun á nýrri tækni og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og hjálpartæki, sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði, og
- að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hjálpartæki, þ.m.t. nýja tækni, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu, að auka þekkingu fagfólks og starfsfólks, sem vinnur með fötluðu fólki, á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningnum til þess að unnt sé að betrubæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.

Eftirlitskerfi samningsins.

Samningurinn mælir fyrir um bæði innlent og alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd samningsins.

Um innlent eftirlit (33. gr.) er gerð sú krafa að aðildarríki hafi eina miðstöð eða fleiri innan stjórnáætlunar sem greiða skal fyrir málum er varða framkvæmd samningsins. Að auki er lögð sú skylda á aðildarríki að koma á fót kerfi sem fylgist með framkvæmd samningsins innan lands og fullnægi meginreglum um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda. Eru þær meginreglur betur þekktar sem Parísarreglurnar.

Alþjóðlegt eftirlit samningsins (34.–39. gr.) felur í sér að komið verði á fót nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem skipuð sé óháðum sérfræðingum. Með reglulegri skýrslugjöf aðildarríkjanna til nefndarinnar vinnur hún athugasemdir og tillögur til aðildarríkjanna um það sem betur má fara.

Við samninginn hefur einnig verið gerður valkvæður viðauki sem felur í sér tvær eftirlitsleiðir til viðbótar sem nefndin getur nýtt sér. Annars vegar er um að ræða kvörtunarleið fyrir einstaklinga til nefndarinnar og hins vegar leið fyrir nefndina til að rannsaka alvarleg eða kerfisbundin brot gegn samningnum, með samþykki viðkomandi aðildarríkis. Ekki er lagt til að svo stöddu að viðaukinn verði fullgiltur hér á landi.

Segja má að ákvæði 33. gr. samningsins feli í sér nýmæli á sviði alþjóðlegra mannréttindasamninga en ekki hefur áður verið sett fram krafa um innlent eftirlitskerfi sem fullnægi Parísarreglunum.

Staða innleiðingar.

Eins og áður hefur komið fram samþykkti Alþingi hinn 11. júní 2012 framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks til ársins 2014 (440. mál 140. löggjafarþings). Á grundvelli hennar leiddi innanríkisráðuneytið samstarfsnefnd ráðuneyta en einnig var haft samráð við hagsmunaaðila. Ítarleg greining á ákvæðum samningsins hefur farið fram og á grundvelli þeirrar greiningar hafa verið útbúin frumvörp til laga sem ætlað er að aðlaga íslenska löggjöf að

ákvæðum samningsins. Þá biða ýmis átaksverkefni er varða framkvæmd samningsins þess að hann verði fullgiltur.

Þegar hafa verið gerðar ýmsar breytingar á íslenskri löggjöf til undirbúnings fullgildingu samningsins. Árið 2011 samþykkti Alþingi lög um réttindagæslu fatlaðs fólks, nr. 88/2011, m.a. með hliðsjón af 12. gr. samningsins. Er þar kveðið á um réttindavakt ráðuneytisins, réttindagæslumenn fatlaðs fólks og persónulega talsmenn fyrir fatlað fólk. Markmið laganna er að sjá til þess að einstaklingar sem vegna fötlunar eiga erfitt með að gæta réttinda sinna fái við það stuðning og að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur. Í lögnum er einnig kveðið á um aðgerðir til þess að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk og tiltekið með skýrum hætti í hvaða tilvikum megi heimila slíkt og hvaða skilyrði þurfi þá að uppfylla.

Þá hafa verið gerðar breytingar á löggræðislögum, nr. 71/1997, með lögum nr. 84/2015. Þær tóku sérstaklega mið af 12. gr. samningsins eins og hún hefur verið skýrð af nefndinni um réttindi fatlaðs fólks. Samtökin Geðhjálp hafa gert athugasemdir við þær breytingar með hliðsjón af samningnum um réttindi fatlaðs fólks. Þær athugasemdir verða teknar til nánari skoðunar samhliða því sem reynsla kemst á áhrif breytinganna. Í þessu samhengi má áréttá hve mikilvægt er að fullgilda samninginn svo að unnt sé að fá rýni nefndarinnar á þessar breytingar sem og aðrar sem gerðar eru í því skyni að fullnægja skuldbindingum samningsins.

Með lögum nr. 111/2012 voru gerðar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, til þess að mæta ákvæðum 29. gr. samningsins um rétt fatlaðs fólks til þátttöku í stjórnámálum og opinberu lífi. Meginatriði þeirra breytinga var að tryggja rétt fatlaðs fólks til að ákveða hver aðstoði það við atkvæðagreiðslu í kosningum.

Að auki hefur sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verið lögfestur. Þá hefur tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) verið starfrækt frá árinu 2011 á grundvelli bráðabirgðaákvæðis IV í lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992. Fyrstu samningarnir voru gerðir árið 2012 en þá var gerður 21 samningur. Síðan 2013 hafa rúmlega 50 samningar verið í gildi á hverjum tíma. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skal festa ákvæði um NPA í lög fyrir árslok 2016.

Þá voru samþykkt lög nr. 115/2015, um breytingu á ýmsum lögum til undirbúnings fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem fólu í sér breytingu á hugtakanotkun í alls 29 lögum.

Ýmis fleiri ákvæði í gildandi lögum voru tekin til skoðunar við vinnuna og má þar nefna sem dæmi 180. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um neitun um vöru og þjónustu. Þar var haft samráð við refsiréttarnefnd sem taldi ekki ástæðu til að breyta ákvæðinu til að innleiða samninginn.

Lög á sviði menningarmála miða að aðgengi alls almennings og byggjast á því viðhorfi að þarfir fatlaðs fólks séu tryggðar innan þess ramma. Menningarstefna mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 2013 tekur mið af því. Nýleg stefnumótun í íþrótt- og æskulýðsmálum nær til allra hópa í samfélaginu, þ.m.t. fatlaðs fólks. Samkvæmt lögum nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, skal það veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarp, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum. Einnig eru í lögnum ákvæði um fleiri hópa fatlaðs fólks.

Að auki hefur við vinnuna verið farið yfir ýmis atriði er varða stefnu stjórnvalda í málum fatlaðs fólks, svo sem aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Almennir hlutar aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla tóku gildi 2011 og greinasvið grunnskóla 2013

og byggjast á lögum um viðkomandi skólastig frá 2008. Við samningu laganna og aðalnámskránnar var samningurinn um réttindi fatlaðs fólks m.a. hafður til hliðsjónar. Um þessar mundir fer fram heildarúttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar hér á landi.

Stefna stjórnvalda um aðgengismál, t.d. á opinberum vefsíðum, hefur nýlega verið endurskoðuð með hliðsjón af samningnum.

Þörf fyrir frekari lagabreytingar.

Þau frumvörp sem eiga eftir að fá þinglega meðferð eru:

Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk og breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en stefnt er að því að leggja það fram veturinn 2016–2017.

Varða ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í 1., 3., 4., 19., 25., 26. og 27. gr.

Ákvæði laganna um þjónustu við fatlað fólk eru endurskoðuð í samræmi við skuldbindingar samningsins. Má þar nefna markmiðsákvæði, ákvæði um búsetu, akstursþjónustu og notendasamráð. Einnig er skerpt á rétti einstaklingsins til að ráða því hvenær, hvernig og af hverjum þjónustan er veitt. Lögð eru til nýmæli varðandi notendasamninga, notendastýrða persónulega aðstoð, sértæka frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ráðgjöf og þjónustu við börn með miklar þroska- og geðraskanir.

Samspil laga um þjónustu við fatlað fólk og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er endurskoðað þannig að skerpt er á þeirri almennu þjónustu sem veitt er á grundvelli laga um félagsþjónustu en lögum um þjónustu við fatlað fólk er ætlað að mæta þeim sem hafa meiri stuðningsþarfir. Kafli sem fjallar um félagslega heimaþjónustu hefur verið endurskoðaður og ákvæði um almenna þjónustu, svo sem ferðaþjónustu, færð í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvæði um rétt til þjónustu hafa verið skýrð frekar. Lögð eru til nýmæli varðandi notendaráð fyrir þá hópa sem nýta sér þjónustu sveitarfélaga auk þess sem lagt er til að sett verði á fót samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks. Lagt er til að húsnaðis- og félagsmálaráðherra verði gert skylt að leggja fram framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Frumvarp til laga um bann við mismunun.

Varðar 5. gr. samningsins.

Markmið frumvarpsins er að uppfylla kröfur 5. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um jafnrétti og bann við mismunun, innleiða tilskipun Evrópusambandsins 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis og tilskipun 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í janúar 2003 að gæta skyldi efnislegs samræmis í íslenskum rétti og þeim rétti er gildi innan Evrópusambandsins á grundvelli tilskipananna.

Endurskoðun laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstur-eyðingar og ófrjósemisáðgerðir.

Varðar 23. og 25. gr. samningsins.

Nefnd var skipuð af heilbrigðisráðherra 9. mars 2016 til að endurskoða lögin.

Frumvarp til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun.

Varðar ákvæði 33. gr. samningsins.

Það er krafá samkvæmt samningnum að til staðar sé kerfi, sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til sjálfstæðra innlendra mannréttindastofnana, sem sinni eftirliti með framkvæmd hans. Innanríkisráðuneytið hefur unnið drög að frumvarpi um stofnun slíkrar sjálfstæðrar mannréttindastofnunar og er áætlað að það verði lagt fram á Alþingi haustið 2016.

Frávik frá hefðbundinni fullgildingu.

Sem fyrr segir er full þörf á að ljúka við að fullgilda samninginn um réttindi fatlaðs fólks enda hefur Ísland þegar með undirritun samningsins skuldbundið sig til að virða meginreglur hans. Rétt þykir að telja fram þau rök sem hníga til þess að fullgilda beri samninginn nú þegar þrátt fyrir að nauðsynlegri lagasetningu sé ekki að fullu lokið:

- Samningurinn felur að mestu í sér aðlögun mannréttinda sem nú þegar eru í gildi að aðstæðum fatlaðs fólks. Ekki er því um að ræða grundvallarbreytingar á því hvernig mannréttindi fatlaðs fólks eru skilgreind. Óumdeilt er hins vegar að fullgilding samningsins mun marka mikilvægan áfanga í réttindabaráttu fatlaðs fólks.
- Fullgilding samningsins leggur ríka skyldu á stjórnvöld til að ljúka við nauðsynlegar lagabreytingar.
- Stór hluti þeirra skyldna sem lagðar eru á ríki samkvæmt samningnum er í formi aðgerða sem ekki eru háðar lagabreytingum. Má þar nefna vitundarvakningu, þjálfun og fræðslu. Við fullgildingu verður hægt að hefja fjölda verkefna á þeim sviðum sem annars mundu bíða.
- Eftirlitskerfi samningsins sem kveður á um starfsemi nefndar og skýrslugjöf til hennar um framkvæmd samningsins er mikilvægur spegill á störf stjórnvalda og mikilvægur vettvangur fyrir réttindabaráttu fatlaðs fólks. Við fullgildingu samningsins virkjast þetta eftirlitskerfi.
- Þróun og útfærsla þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um verður viðvarandi verkefni stjórnvalda, óháð einstökum lagabreytingum.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS
Formálsorð.

Ríkin, sem eiga aðild að samningi þessum,

- a) *sem minnst* meginreglna, sem kunngerðar eru í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem eðlislæg reisin og verðleikar og jöfn og óafsalanleg réttindi alls fólks eru viðurkennd sem undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,
- b) *sem viðurkenna* að Sameinuðu þjóðirnar hafa kunnbert og samþykkt í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamningunum um mannréttindi, að öllum beri öll þau réttindi og eigi tilkall til þess frelsis sem þar er greint frá án hvers kyns aðgreiningar,
- c) *sem áréttta* að gervöll mannréttindi og mannfrelsi eru algild, ódeilanleg, innbyrðis háð og samtvinnuð og áréttta nauðsyn þess að fatlað fólk njóti þeirra að fullu án mismununar,
- d) *sem minnst* alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, alþjóðasamningsins um afnám alls kynþáttamisréttis, samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samningsins gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, samningsins um réttindi barnsins og alþjóðasamningsins um verndun réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra,
- e) *sem viðurkenna* að hugtakið fötlun er breytingum undirorpið og að fötlun er afsprengi víxláhrifa milli fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem eru hindranir í vegi fullrar og árangursríkrar samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra.
- f) *sem viðurkenna* mikilvægi áhrifa meginreglna og stefnumótandi leiðbeininga, sem alþjóðlega aðgerðaáætlunin í þágu fatlaðs fólks og samræmdu reglunnar um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk hafa að geyma, fyrir framgang, mótun og mat á stefnum, fyrirætlunum, áætlunum og aðgerðum innanlands, í heimshlutum og á alþjóðavettvangi, í því skyni að jafna enn frekar tækifæri fötluðu fólki til handa,
- g) *sem leggja áherslu á* mikilvægi þess að samþætta málefni fatlaðs fólks sem óaðskiljanlegan þátt í viðeigandi áætlunum um sjálfbæra þróun,
- h) *sem viðurkenna einnig* að mismunun gagnvart sérhverjum einstaklingi á grundvelli fötlunar gengur gegn eðlislægri reisin og verðleikum manneskjunnar,
- i) *sem viðurkenna enn frekar* margbreytileika fatlaðs fólks,
- j) *sem viðurkenna* nauðsyn þess að stuðla að og vernda mannréttindi alls fatlaðs fólks, einnig þess sem þarf mikinn stuðning,
- k) *sem hafa af því áhyggjur* að þrátt fyrir þá margvíslegu gerninga og skuldbindingar sem áður getur er samfélagsþátttaka fatlaðs fólks sem jafnréttihárra samfélagsþegna hindruð og mannréttindi þess brotin í öllum heimshlutum,
- l) *sem viðurkenna* mikilvægi alþjóðasamstarfs um að bæta lífsskilyrði fatlaðs fólks í öllum löndum, einkum þróunarlöndum,

- m) *sem viðurkenna* þarft framlag fatlaðs fólks, nú og sem orðið getur, til almennrar velsældar og fjölbreytni innan samfélaga þess og að njóti fatlað fólk mannréttinda og mannfrelsis til fulls og sé stuðlað að fullri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu muni það leiða til aukinnar tilfinningar þess fyrir því að tilheyra samfélaginu og til verulegrar framþróunar, jafnt á hinu mannlega sviði sem og því félagslega og efnahagslega og til þess að fátækt verði útrýmt,
- n) *sem viðurkenna* mikilvægi þess fyrir fatlað fólk að það njóti sjálfræðis og sjálfstæðis, sem nær yfir frelsi til að taka eigin ákvarðanir,
- o) *sem telja* að fatlað fólk ætti að eiga kost á að taka virkan þátt í ákvarðanatökuferli um stefnur og áætlanir, meðal annars þær sem varða það með beinum hætti,
- p) *sem hafa áhyggjur* af erfiðum aðstæðum fatlaðs fólks sem sætir margþættri eða síaukinni mismunun vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðlegs, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna eða frumbyggjauppruna, eigna, ætternis, aldurs eða annarrar stöðu,
- q) *sem viðurkenna* að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu, innan heimilis sem utan, að verða þolendur ofbeldis, áverka eða misþyrminga, vanrækslu eða hirðuleysis, illrar meðferðar eða misneytingar,
- r) *sem viðurkenna* að fötluð börn ættu að njóta til fulls allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn og minnst skuldbindinga í þá veru sem aðildarríki að samningnum um réttindi barnsins hafa undirgengist,
- s) *sem leggja áherslu á* nauðsyn þess að ávallt sé tekið mið af kynjasjónarmiðum í þeirri viðleitni að stuðla að því að fatlað fólk njóti fullra mannréttinda og mannfrelsis,
- t) *sem vilja draga fram* þá staðreynd að meirihluti fatlaðs fólks býr við fátækt og viðurkenna í því sambandi að knýjandi þörf er á að vinna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem fátækt hefur á fatlað fólk,
- u) *sem hafa hugfast* að forsenda þess að fatlað fólk njóti fullrar verndar, einkum þegar vopnuð átök standa yfir og undir erlendri hersetu, er að friður og öryggi byggist á fullri virðingu fyrir markmiðum og meginreglum mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og því að gildandi gerningar á sviði mannréttinda séu hafðir í heiðri,
- v) *sem viðurkenna* mikilvægi aðgengis fatlaðs fólks að hinu efnislega, félagslega, efnahagslega og menningarlega umhverfi, að það njóti heilbrigðis og menntunar og mikilvægi þess að það hafi aðgengi að upplýsingum og samskiptamiðlum til þess að gera því kleift að njóta allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls,
- w) *sem gera sér ljóst* að það er á ábyrgð einstaklingsins sjálfs, sem hefur skyldum að gegna við aðra einstaklinga og samfélag sitt, að berjast fyrir framgangi réttinda sem eru viðurkennd samkvæmt alþjóðaréttarskránni og því að þau séu virt,
- x) *sem eru þess fullviss* að fjölskyldan er hin eðlilega frumeining samfélagsins sem samfélagi og ríki ber að veita vernd og að fatlað fólk og fjölskyldumeðlimir þess ættu að fá nauðsynlega vernd og aðstoð til þess að gera fjölskyldum kleift að leggja sitt af mörkum til þess að fatlað fólk geti notið réttinda sinna til fulls og til jafns við aðra,

- y) *sem eru þess fullviss að viðtækur og heildrænn alþjóðasamningur, sem ætlað er að stuðla að og vernda réttindi og mannlega reisu fatlaðs fólks, muni verða mikilvægt framlag til þess að bæta úr djúpstæðri félagslega erfiðri aðstöðu fatlaðs fólks og muni stuðla að þátttöku þess sem borgarar og á vettvangi stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála til jafns við aðra, bæði í þróunarlöndum og iðnríkjum,*

hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og að jöfnu allra mannréttinda og mannfrelsis og að stuðla að virðingu fyrir eðlislægri reisu þess.

Til fatlaðs fólks teljast m.a. þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og virka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„samskipti“ taka til tungumála, framsetningu texta, punktaleturs, snertitákn máls, stækk- aðs leturs, aðgengilegrar margmiðlunar, einnig rit máls, talmáls, auðskilins máls, talgervla og aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forms, meðal annars aðgengilegra upplýsinga- og samskiptatækni,

„tungumál“ tekur til talaðs máls og tákn máls og annars konar máls sem ekki er talað,

„mismunun vegna fötlunar“ merkir hvers konar aðgreiningu, útilokun eða takmörkun vegna fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að öll mannréttindi og mannfrelsi séu viðurkennd, þeirra sé notið eða þau séu nýtt, til jafns við annað fólk, á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála, sem borgari eða á öðrum sviðum. Hugtakið tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, einnig að fötluðu fólki sé neitað um viðeigandi aðlögun,

„viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi,

„algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allir geta nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. „Algild hönnun“ útilokar ekki hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, sé þeirra þörf.

3. gr.

Almennar meginreglur.

Meginreglur samnings þessa eru eftirfarandi:

- a) virðing fyrir eðlislægri reisu, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga,
- b) bann við mismunun,
- c) full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,

- d) virðing fyrir frávikum og viðurkenning fatlaðs fólks sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannlegu eðli,
- e) jöfn tækifæri,
- f) aðgengi,
- g) jafnrétti á milli karla og kvenna,
- h) virðing fyrir getu fatlaðra barna sem er breytingum undirorpin og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína,

4. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.
Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:
 - a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika,
 - b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,
 - c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,
 - d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,
 - e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun vegna fötlunar sem einstaklingur, stofnun eða einkaaðili gerir sig sekan um,
 - f) að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á framleiðsluvörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu sem eru hönnuð með algildi í huga skv. 2. gr. samnings þessa og umbreyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérþörfum fatlaðs fólks, til að stuðla að framboði á þeim og notkun og til að stuðla að algildri hönnun þegar móta á staðla og leiðbeiningar,
 - g) að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, einnig á upplýsinga- og samskiptatækni, hreyfihjálpartækjum, búnaði og hjálpartækni sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,
 - h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hreyfihjálpartæki, búnað og hjálpartækni, einnig um nýja tækni og aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu í annarri mynd,
 - i) að stuðla að hjálfun og þekkingu fagfólks og starfsfólks, sem vinnur með fötluðu fólki, á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrubæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.
2. Að því er varðar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til þess að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa og með þátttöku í alþjóðasamstarfi, eftir því sem þörf krefur, í því skyni að fyrirnefnd réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum með fyrirvara um þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum sem gilda nú þegar samkvæmt reglum þjóðaréttar.

3. Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.
4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða reglur þjóðaréttar, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda. Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og mannfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirskeyni að slík réttindi eða frelsi sé ekki viðurkennt eða viðurkennt í minna mæli samkvæmt samningi þessum.
5. Ákvæði samnings þessa gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undanþága.

5. gr.

Jafnrétti og bann við mismunun.

1. Aðildarríkin viðurkenna að allir menn eru jafnir fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt án nokkurrar mismununar.
2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.
3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.
4. Eigi ber að líta á sértækar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

6. gr.

Fatlaðar konur.

1. Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru þolendur margþættrar mismununar og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra.
2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja þróun, framgang og valdeflingu kvenna til fulls í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og mannfrelsis sem sett eru fram í samningi þessum.

7. gr.

Fötluð börn.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.

8. gr.

Vitundarvakning.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlaugar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir:
 - a) til þess að stuðla að vitundarvakningu alls staðar innan samfélagsins, einnig á vettvangi fjölskyldunnar, um fatlað fólk og að auka virðingu fyrir réttindum og mannlegri reisn þess,
 - b) til þess að vinna á móti staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, einnig þeim sem eru reist á kyni og aldri, á öllum sviðum lífsins,
 - c) til þess að stuðla að vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.
2. Meðal aðgerða í þessu skyni má nefna:
 - a) að hefja og vinna stöðugt að átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi sem miða að því:
 - i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks,
 - ii. að stuðla að jákvæðri ímynd fatlaðs fólks og efla vitund í samfélaginu um málefni þess,
 - iii. að stuðla að því að kunnátta, verðleikar og geta fatlaðs fólks séu viðurkennd í ríkari mæli, enn fremur framlag þess til vinnustaða og vinnumarkaðarins,
 - b) að ýta undir það viðhorf á öllum skólastigum, meðal annars hjá öllum börnum frá unga aldri, að virða beri réttindi fatlaðs fólks,
 - c) að hvetja fjölmiðla af hvaða gerð sem er til þess að gefa þá mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samnings þessa,
 - d) að stuðla að því að gerðar séu þjálfunaráætlanir um vitundarvakningu sem varða fatlað fólk og réttindi þess.

9. gr.

Aðgengi.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang til jafns við aðra að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, einnig að upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi stendur opin eða er veitt, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem skulu felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálum sem hefða aðgengi, skulu meðal annars ná til:
 - a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, einnig til skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisþjónustu og vinnustaða,
 - b) upplýsinga- og samskiptaþjónustu og annarrar þjónustu, einnig til rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu.
2. Aðildarríki skulu og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:
 - a) þróa, útbreiða og fylgjast með því að lágmarkskröfum og leiðbeiningum sé fullnægt viðvíkjandi aðgengi að aðstöðu og þjónustu sem almenningi stendur opin eða er veitt,
 - b) tryggja að einkaaðilar, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu sem almenningi stendur opin eða er veitt, taki mið af hvers kyns aðgengi fatlaðs fólks,
 - c) hagsmunaaðilum sé veitt fræðsla um aðgengismál sem varða fatlað fólk,

- d) hafa leiðbeiningar með punktalettri og auðlesnar og auðskiljanlegar merkingar í byggingum og annarri aðstöðu, sem almenningi stendur opin,
- e) láta í té ýmiss konar aðstoð á staðnum og þjónustu milliliða, þar á meðal fylgdarmanna, lesara og faglærðra táknaástanda, með það að markmiði að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem almenningi stendur opin,
- f) stuðla að því að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,
- g) stuðla að aðgangi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, einnig að Netinu,
- h) við hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfa þar að lútandi sé frá upphafi unnið að því að slík tækni og kerfi verði aðgengileg með sem minnstum tilkostnaði.

10. gr.

Réttur til lífs.

Aðildarríkin áréttu að sérhver mannværa eigi eðlislægan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið þess á virkan hátt til jafns við aðra.

11. gr.

Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, einnig samkvæmt alþjóðlegum mannréttarlögum og alþjóðlegum mannréttindalögum, til þess að tryggja að fatlað fólk njóti verndar og öryggis þegar hættuástand ríkir, að meðtöldum vopnuðum átökum, neyðarástandi sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamförum.

12. gr.

Réttarstaða til jafns við aðra.

1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk eigi rétt á því að vera viðurkennt alls staðar sem persónur að lögum.
2. Aðildarríkin skulu viðurkenna að fatlað fólk njóti gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins.
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnast þegar það nýtir gerhæfi sitt.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða nýtingu gerhæfis, feli í sér viðeigandi og árangursríkar verndarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Þessar verndarráðstafanir skulu tryggja að með ráðstöfunum, sem varða nýtingu gerhæfis, séu réttindi, vilji og séróskir viðkomandi einstaklings virt, slíkar ráðstafanir leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, þær séu til samræmis við og sniðnar að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í sem skemmstan tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru, sjálfstæðu og hlutlausu yfirvaldi eða stofnun á sviði dómsmála. Verndarráðstafanirnar skulu vera í samræmi við þau áhrif sem fyrrnefndar ráðstafanir hafa á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.

5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, að stýra eigin fjármálum og hafa jafnan aðgang að bankalánum, veðlánnum og annars konar lánaþyrngreiðslu, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum eftir geðþótta.

13. gr.

Aðgangur að réttarvörslukerfinu.

1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarvörslukerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum.
2. Í því skyni að stuðla að því að tryggja megi fötluðu fólki virkan aðgang að réttarvörslukerfinu skulu aðildarríkin stuðla að viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir það fólk sem starfar á sviði réttarvörslu, einnig fyrir lögreglumenn og starfsfólk fangelsa.

14. gr.

Frelsi og mannhelgi.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk, til jafns við aðra:
 - a) njóti réttar til frelsis og mannhelgi,
 - b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögumætum hætti eða eftir geðþótta og að frelssvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelssviptingu.
2. Sé fatlað fólk svipt frelsi með einhverjum hætti skulu aðildarríkin ábyrgjast að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og það hljóti meðferð sem samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.

15. gr.

Frelsi frá því að sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu.

1. Enginn skal sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu. Einkum og sér í lagi er óheimilt að gera læknisfræði- eða vísindatilraunir á nokkurri manneskju án samþykkis hennar.
2. Aðildarríkin skulu gera allar árangursríkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu og innan réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að koma í veg fyrir að fatlað fólk, jafnt og aðrir, sæti pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannúðlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu.

16. gr.

Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, einnig með hliðsjón af kynbundnum þáttum slíkra athafna.

2. Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er, einnig með því að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, ásamt þeim sem annast það, viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, meðal annars með því að veita upplýsingar og fræðslu um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að sú þjónusta sem veitir vernd taki mið af kyni, aldri og fötlun.
3. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er skulu aðildarríkin tryggja að óháð yfirvöld hafi virkt eftirlit með allri aðstöðu og áætlunum sem er ætlað að þjóna fötluðu fólki.
4. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að líkamlegum, vitsmunalegum og sálrænum bata, endurhæfingu og félagslegri enduraðlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram þjónustu sem veitir vernd. Slíkur bati og enduraðlögun skulu fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, reisu og sjálfræði viðkomandi einstaklings, þar sem tillit er tekið til sérþarfa hans miðað við kyn og aldur.
5. Aðildarríkin skulu taka upp skilvirka löggjöf og stefnu, einnig löggjöf og stefnu þar sem sérstakt tillit er tekið til kvenna og barna, til þess að tryggt sé að unnt sé að staðreyna og rannsaka misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar sem beinast gegn fötluðu fólki og ákæra vegna slíkrar háttsemi ef það á við.

17. gr.

Verndun friðhelgi einstaklingsins.

Allt fatlað fólk á rétt á því, til jafns við aðra, að líkamleg og andleg friðhelgi þess sé virt.

18. gr.

Umferðarfrelsi og ríkisfang.

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til umferðarfrelsis og frelsis til að velja sér búsetu og rétt til ríkisfangs, meðal annars með því að ábyrgjast að fatlað fólk:
 - a) hafi rétt til að öðlast ríkisfang og breyta því og sé ekki svipt ríkisfangi sínu eftir geðþótta eða vegna fötlunar,
 - b) sé ekki, vegna fötlunar, svipt tækifæri til að fá, hafa umráð yfir og nýta sér skjöl um ríkisfang sitt eða önnur auðkenningarskjöl eða til að hagnýta viðeigandi verklag, t.d. málsmeðferð vegna innflytjendamála, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að gera því auðveldar um vik að nýta sér réttinn til umferðarfrelsis,
 - c) hafi frelsi til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið,
 - d) sé ekki, eftir geðþótta eða vegna fötlunar, svipt réttinum til að koma til síns eigin lands.
2. Fötluð börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og eiga frá fæðingu rétt til nafngiftar, rétt til þess að öðlast ríkisfang og, eftir því sem unnt er, rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

19. gr.

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Aðildarríkin að samningi þessum viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi njóta þessa réttar til fulls og til þess að stuðla að fullri aðild að og þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:

- a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir,
- b) að fatlað fólk hafi aðgang að margs konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuúrræðum og annarri stoðþjónustu samfélagsins, einnig að persónulegri aðstoð sem er nauðsynleg til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til þess að koma í veg fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu,
- c) að þjónusta á vegum samfélagsins og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.

20. gr.

Ferlimál einstaklinga.

Aðildarríkin skulu gera skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:

- a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur og gegn viðráðanlegu gjaldi,
- b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að gæðahjálpartækjum, -búnaði, -stuðningstækni og ákjósanlegri persónulegri aðstoð og milliliðum af ýmsu tagi, einnig með því að hafa tæki og þjónustu tiltæk á viðráðanlegu verði,
- c) að bjóða fram fræðslu og hjálfun í hreyfifærni fyrir fatlað fólk og sérhæft starfslið sem vinnur með fötluðu fólki,
- d) að hvetja framleiðendur hjálpartækja, búnaðar og stuðningstækni til þess að taka tillit til allra þátta ferlimála fatlaðs fólks.

21. gr.

Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þar með talið frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, einnig með því:

- a) að láta fötluðu fólki í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem hæfir einstaklingum með mismunandi fötlun, tímanlega og án aukakostnaðar,
- b) að viðurkenna og auðvelda notkun táknmáls, punktaleturs, aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða og allra annarra aðgengilegra samskiptaleiða, -máta og -forms sem fatlað fólk kys að nota í opinberum samskiptum,
- c) að brýna fyrir einkaaðilum sem bjóða almenningi þjónustu, einnig gegnum Netið, að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,

- d) að hvetja fjölmiðla, einnig upplýsingaveitur á Netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki,
- e) að viðurkenna notkun tákna og auka notkun þess.

22. gr.

Virðing fyrir einkalífi.

1. Enginn fatlaður einstaklingur skal, án tillits til búsetustaðar eða búsetuforms, sæta því að einkalíf hans, fjölskyldulíf, heimilislíf eða skrifleg samskipti eða samskipti af öðru tagi séu trufluð eftir geðþótta eða með ólögmatum hætti eða að vegið sé að æru hans eða orðstír með óréttmætum hætti. Fatlað fólk á rétt á því að lögin verndi það gegn fyrrnefndri truflun eða árásum.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að farið sé með upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu fatlaðs fólks sem trúnaðarmál á sama hátt og gildir um aðra.

23. gr.

Virðing fyrir heimili og fjölskyldu.

1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um aðra, til þess að tryggja megi:
 - a) að réttur alls fatlaðs fólks, sem hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsum og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur,
 - b) að réttur fatlaðs fólks til óheftrar og ábyrgrar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli fæðinga og til að hafa aðgang, sem hæfir aldri, að upplýsingum og fræðslu um frjósemisheilbrigði og fjölskylduáætlanir sé viðurkenndur og að því séu veitt nauðsynleg ráð sem gera því kleift að nýta sér þennan rétt.
 - c) að fatlað fólk, þar með talin börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við aðra.
2. Aðildarríkin skulu tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks með tilliti til lögráðs, forráðs, fjárhalds eða ættleiðingar barna eða svipaðrar íhlutunar, þar sem þessi hugtök eru til í landslögum, og hagsmunir barnsins skulu í öllum málum varða mestu. Aðildarríkin skulu veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem upp-alendur barna.
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefín, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríkin skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema lögbær yfirvöld ákveði, með fyrirvara um endurskoðun dómsvalds og í samræmi við gildandi lög og málsmeðferð, að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur ef það er barninu fyrir bestu. Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum vegna fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.
5. Aðildarríkin skulu reyna til þrautar, ef kjarnafjölskylda er ófær um að annast fatlað barn, að sjá barninu fyrir annarri umönnun innan stórfjölskyldunnar, en að öðrum kosti tryggja því umönnun hjá fjölskyldu innan samfélagsins.

24. gr.
Menntun.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og þar sem allir hafa jöfn tækifæri skulu aðildarríkin koma á menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og námi alla ævi sem leiðir til þess:
 - a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisu og eigin verðleikum þroskist til fulls og til þess að virðing fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni vaxi,
 - b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,
 - c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsum samfélagi.
2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:
 - a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi vegna fötlunar,
 - b) að fatlað fólk hafi aðgang til jafns við aðra að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun án aðgreiningar, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, í þeim samfélögum þar sem það býr,
 - c) að viðeigandi aðlögun sé veitt viðkomandi einstaklingi til þess að þörfum hans sé mætt,
 - d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir árangursríkri menntun þess,
 - e) að skilvirkur, einstaklingsmiðaður stuðningur standi til boða í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagslegan þroska sem samræmist markmiðinu um fulla þátttöku allra.
3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:
 - a) auðvelda fólki að læra punktaletur, óhefðbundna ritun, auknar og óhefðbundnar samskiptaleiðir, -máta og -form og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf,
 - b) auðvelda fólki að læra táknmál og stuðla að sjálfsmynd heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks með tilliti til tungumáls,
 - c) tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir eða sjónskertir, heyrnarlausir eða heyrnarskertir eða fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.
4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, einnig fatlaða kennara sem eru sérhæfðir í táknmáli og/eða punktalettri, og að hjálfa sérfræðinga og starfsfólk sem starfa á öllum sviðum menntakerfisins. Fyrrnefnd hjálfun skal samlöguð vitund um fötlun og notkun viðeigandi aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forma, kennsluáðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.
5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk geti hafið almennt nám á háskólastigi, starfs- hjálfun og notið fullorðinsfræðslu og náms alla ævi án mismununar og til jafns við

aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.

25. gr.

Heilsa.

Aðildarríkin viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta góðrar heilsu að hæsta marki eins og frekast er unnt án mismununar vegna fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af kyni, einnig að heilsutengdri endurhæfingu. Aðildarríkin skulu einkum:

- a) sjá fötluðu fólki fyrir heilsugæslu og heilbrigðisáætlunum sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir aðra einstaklinga, meðal annars með tilliti til kyn- og frjósemisheilbrigðis og að því er varðar samfélagsáætlanir á sviði lýðheilsu,
- b) bjóða fram þá heilbrigðisþjónustu sem fatlað fólk þarfnast, einkum vegna fötlunar sinnar, sem felur í sér eins snemmbæra greiningu og inngríp eftir því sem við á og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og frekast er unnt og koma í veg fyrir frekari fötlun, einnig meðal barna og eldri einstaklinga,
- c) bjóða fram fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eins nálægt samfélögum fólks og frekast er unnt, einnig í dreifbýli,
- d) gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist fatlað fólk eins vel og aðra, meðal annars á grundvelli frjáls og upplýsts samþykkis, með því, auk annars, að vekja til vitundar um mannréttindi, mannlega reisn, sjálfræði og þarfir fatlaðs fólks með þjálfun fyrir starfsfólk, bæði innan einkarekinnar og opinberrar heilsugæslu, og með útbreiðslu siðferðislegra viðmiðana meðal þeirra,
- e) leggja bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki að því er varðar sjúkratryggingar og líftryggingar, þar sem slíkar tryggingar, sem skulu boðnar fram á sanngjarnan og réttmætan hátt, eru heimilar samkvæmt landslögum.
- f) koma í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu eða um mat og drykk þannig að um mismunun vegna fötlunar sé að ræða.

26. gr.

Hæfing og endurhæfing.

1. Aðildarríkin skulu gera skilvirkar og viðeigandi ráðstafanir, einnig með tilstyrk jafningjaaðstoðar, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast sem mest sjálfstæði, fulla líkamlega, andlega og félagslega getu, ásamt starfsgetu, og að vera þátttakendur í lífinu á öllum sviðum án aðgreiningar, ásamt því að viðhalda þessum gæðum. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin skipuleggja, efla og útvíkka þjónustu og áætlanagerð á sviði víðtækrar hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að fyrrnefnd þjónusta og áætlanir:

- a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrks hvers einstaklings um sig,
- b) stuðli að þátttöku í samfélaginu og þjóðfélaginu á öllum sviðum án aðgreiningar, séu valfrjálsar og standi fötluðu fólki til boða sem næst samfélögum þess, einnig í dreifbýli.

2. Aðildarríkin skulu stuðla að þróun grunnþjálfunar og stöðugar þjálfunar sérfræðinga og starfsfólks sem vinna við hæfingu og endurhæfingu.
3. Aðildarríkin skulu stuðla að því að hjálpartæki og tækni, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk og notuð eru til hæfingar og endurhæfingar, séu tiltæk og þekking á þeim sé fyrir hendi.

27. gr.

Vinna og starf.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á fjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þá sem verða fatlaðir meðan þeir gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, til að mynda með lagasetningu, til þess meðal annars:
 - a) að leggja bann við mismunun vegna fötlunar að því er varðar öll mál sem tengjast störfum af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,
 - b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annarra, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, einnig jafnra tækifæra og launajafnréttis, öryggis og hollustu á vinnustað og til verndar gegn áreitni, og til þess að fá úrlausn kvörtunarmála,
 - c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarfélaganna til jafns við aðra,
 - d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa með virkum hætti aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og endurmenntun,
 - e) að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna starf, fá það, halda því og fara aftur inn á vinnumarkað,
 - f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki,
 - g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans,
 - h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með því að marka stefnu við hæfi og gera viðeigandi ráðstafanir sem kunna að felast í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum,
 - i) að tryggja að fatlað fólk á vinnustað fái notið viðeigandi aðlögunar,
 - j) að stuðla að því að fatlað fólk geti aflað sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,
 - k) að stuðla að starfstengdri og faglegri endurhæfingu fatlaðs fólks, að því að það haldi störfum sínum og að framgangi áætlana um að það geti snúið aftur til starfa.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.

28. gr.

Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara því til handa, einnig til viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.
2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar vegna fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, einnig ráðstafanir:
 - a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að hreinu vatni og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, tækjabúnaði og annarri aðstoð gegn viðráðanlegu gjaldi vegna þarfa sem tengjast fötlun,
 - b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, aðgang að áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,
 - c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, einnig útgjöldum vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, aðstoðar í fjármálum og hvíldarumönnunar,
 - d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera,
 - e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að eftirlaunum og eftirlaunastjóðum.

29. gr.

Þátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi.

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórnmalaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

- a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmalum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsum vali, þar með eru talin réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, einnig með því:
 - i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,
 - ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,
 - iii. að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsan hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði,
- b) stuðla ötullega að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, einnig:

- i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmalalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmalaflokka,
- ii. þátttöku í því að mynda og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til þess að rödd þess heyrir á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.

30. gr.

Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:
 - a) njóti aðgengis að menningarefni í aðgengilegu formi,
 - b) njóti aðgengis að sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum menningarviðburðum í aðgengilegu formi,
 - c) njóti aðgengis að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðamannastöðum og njóti, eftir því sem við verður komið, aðgengis að minnisvörðum og stöðum sem eru mikilvægir í þjóðmenningarlegu tilliti.
2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þróa og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu heldur einnig í því skyni að auðga samfélagið.
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, samkvæmt reglum þjóðaréttar, til þess að tryggja að í lögum, sem vernda hugverkarétt, séu ekki ákvæði sem koma á ósanngjarnan hátt, eða með einhverjum þeim hætti sem hefur mismunun í för með sér, í veg fyrir að fatlað fólk hafi aðgang að menningarefni.
4. Fatlað fólk skal eiga rétt á, til jafns við aðra, að sérstök menningarleg samsemd þess og samsemd með tilliti til tungumáls séu viðurkenndar og njóti stuðnings, þar með talið táknumál og menning heyrnarlauss og heyrnarskerfs fólks.
5. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við aðra þátt í tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, til þess að:
 - a) hvetja til og stuðla að þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í almennu íþróttastarfi á öllum stigum,
 - b) tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fatlað fólk og hvetja til framboðs á viðeigandi tilsögn, þjálfun og fjármagni í þessu skyni og með sama hætti og gildir um aðra,
 - c) tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótt- og tómstundastarf fer fram og að ferðamannastöðum,
 - d) tryggja fötluðum börnum aðgang, til jafns við önnur börn, að leikjum og tómstunda- og frístunda- og íþróttastarfi, einnig innan skólakerfisins,
 - e) tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómstundastarfs, ferðamennsku og frístunda- og íþróttastarfs.

31. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar og gagnasöfnun.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, meðal annars tölfræðilegum gögnum og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og fram-

fylgja stefnum samningi þessum til framkvæmdar. Aðferðir við að safna og viðhalda þessum upplýsingum skulu:

- a) vera í samræmi við lögmætar verndarráðstafanir, einnig löggjöf um persónuvernd, til þess að tryggt sé að trúnaðarskylda sé virt og einkalíf fatlaðs fólks,
 - b) vera í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunarreglur um vernd mannréttinda og mannfrelsis og siðareglur sem gilda um söfnun og notkun tölfraðilegra upplýsinga.
2. Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða eftir því sem við á og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.
 3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndra tölfraðilegra upplýsinga og tryggja fötluðu fólki og öðrum aðgengi að þeim.

32. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

1. Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og að stuðlað verði að framgangi þess til stuðnings innlendum aðgerðum til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi verði að veruleika og munu gera viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir í þeim málum milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutadeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Fyrrnefndar ráðstafanir gætu meðal annars tekið til þess:
 - a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, einnig alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,
 - b) að efla og auka afkastagetu, einnig með því að skiptast á og miðla með gagnkvæmum hætti upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,
 - c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,
 - d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, einnig með því að auðvelda aðgang að og gagnkvæma miðlun aðgengilegrar og gagnlegrar tækni og með yfirfærslu á tækni.
2. Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

33. gr.

Framkvæmd og eftirlit innanlands.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórn-sýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórn-sýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum vegna framkvæmdar samningsins á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.
2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á rammaáætlun, einnig einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að stuðla að, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af

þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda.

3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem fara með mál þess, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.

34. gr.

Nefnd um réttindi fatlaðs fólks.

1. Setja ber á stofn nefnd um réttindi fatlaðs fólks (hér á eftir nefnd „nefndin“) sem skal vinna þau verk sem kveðið er á um hér á eftir.
2. Þegar samningur þessi öðlast gildi skulu tólf sérfræðingar skipa nefndina. Eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum skal fjölgað í nefndinni um sex sem þýðir að heildarfjöldi nefndarmanna verður átján.
3. Nefndarmenn sitja í nefndinni á eigin forsendum sem einstaklingar og skulu hafa þroskaða siðferðisvitund og viðurkennda menntun og hæfi og reynslu á því sviði sem samningur þessi fjallar um. Óskað er eftir því að aðildarríkin taki eðlilegt tillit til ákvæða 3. mgr. 4. gr. samnings þessa þegar þau tilnefna frambjóðendur sína.
4. Aðildarríkin kjósa nefndarmenn að teknu tilliti til jafnrar dreifingar milli heimshluta, þess að fulltrúar komi frá ólíkum menningarþjóðfélögum og helstu réttarkerfum og að teknu tilliti til jafnrar þátttöku kynjanna og þátttöku fatlaðra sérfræðinga.
5. Nefndarmenn skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu af lista einstaklinga, sem aðildarríkin tilnefna úr hópi þegna sinna, þegar fundir þings aðildarríkjanna fara fram. Á þeim fundum sem eru ákvörðunarbærir eigi tveir þriðju aðildarríkjanna þar fulltrúa skulu þeir einstaklingar sem eru kjörnir til setu í nefndinni vera þeir sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
6. Halda ber fyrstu kosningu eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag þegar samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda aðildarríkjunum bréf, með eigi skemmri fyrirvara en fjórum mánuðum fyrir þann dag þegar sérhver kosning skal fara fram, og óska eftir tilnefningum þeirra innan tveggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn tekur því næst saman skrá í stafrófsröð um alla einstaklinga sem þannig eru tilnefndir og gefur til kynna hvaða aðildarríki tilnefndi þá og sendir að svo búnu skrána þeim ríkjum sem eru aðilar að samningi þessum.
7. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Heimilt er að endurkjósa þá einu sinni. Engu að síður skal kjörtímabili sex þeirra sem eru kosnir í fyrstu kosningu ljúka að tveimur árum liðnum; strax að lokinni fyrstu kosningu skal fundarstjóri, á fundi þeim er um getur í 5. mgr. þessarar greinar, velja nöfn fyrrnefndra sex nefndarmanna með hlutkesti.
8. Kjör hinna sex viðbótarnefndarmanna skal fara fram þegar reglubundnar kosningar fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar greinar.
9. Falli nefndarmaður frá eða segir af sér eða lýsi því yfir að hann geti ekki, af einhverri annarri ástæðu, gegnt skyldum sínum skal aðildarríkið, sem tilnefndi hann, skipa annan sérfræðing, sem hefur menntun og hæfi og uppfyllir þær kröfur er um getur í viðeigandi ákvæðum þessarar greinar, til þess að starfa í nefndinni út kjörtímabilið.
10. Nefndin setur sér starfsreglur.
11. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal útvega nauðsynlegt starfsfólk og aðstöðu til þess að nefndin geti sinnt störfum sínum með skilvirkum hætti samkvæmt samningi þessum og boða til fyrsta fundar hennar.

12. Þeir sem sitja í nefndinni, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, skulu með samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þiggja laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið kann að ákveða, að teknu tilliti til mikilvægis þeirra ábyrgðarstarfa sem nefndin sinnir.
13. Nefndarmönnum ber réttur til aðstöðu, forréttinda og friðhelgi sérfræðinga, sem reka erindi Sameinuðu þjóðanna, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi hlutum samningsins um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna.

35. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna.

1. Sérhvert aðildarríki skal senda nefndinni, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, heildstæða skýrslu um ráðstafanir sem hafa verið gerðar í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningi þessum og um framfarir, sem hafa orðið á því sviði, innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki.
2. Eftir það skulu aðildarríkin senda skýrslur sínar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og oftár í hvert sinn sem nefndin fer fram á það.
3. Nefndin skal fastsetja leiðbeiningar um efni skýrslanna.
4. Aðildarríki, sem hefur sent nefndinni heildstæða frumskýrslu, þarf ekki að endurtaka áður veittar upplýsingar í skýrslum sem á eftir fara. Óskað er eftir því, þegar aðildarríkin undirbúa skýrslur til nefndarinnar, að þau geri það með opnum og gagnsæjum hætti og taki eðlilegt tillit til ákvæðisins í 3. mgr. 4. gr. samnings þessa.
5. Í skýrslunum er heimilt að geta um þá þætti og erfiðleika sem hafa áhrif á það hversu vel miðar að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

36. gr.

Umfjöllun um skýrslur.

1. Nefndin skal fjalla um sérhverja skýrslu og gera þær tillögur og leggja fram þau almennu tilmæli sem hún telur við eiga og senda hlutaðeigandi aðildarríki. Aðildarríkið getur svarað með því að láta nefndinni í té allar upplýsingar sem það kýs. Nefndin getur óskað eftir frekari upplýsingum frá aðildarríkjunum sem varða framkvæmd samnings þessa.
2. Dragist verulega á langinn að aðildarríki sendi skýrslu sína getur nefndin tilkynnt hlutaðeigandi aðildarríki um að nauðsynlegt sé að kanna framkvæmd samnings þessa í því aðildarríki, á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga sem nefndin hefur aðgang að, hafi viðkomandi skýrsla ekki verið send innan þriggja mánaða frá tilkynningunni. Nefndin skal bjóða hlutaðeigandi aðildarríki að taka þátt í fyrrnefndri könnun. Bregðist aðildarríkið við með því að senda viðkomandi skýrslu gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.
3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera öllum aðildarríkjunum kleift að nálgast skýrslurnar.
4. Aðildarríkin skulu gera almenningi í eigin löndum auðvelt um vik að nálgast skýrslur sínar og greiða fyrir aðgangi að þeim tillögum og tilmælum sem varða þessar skýrslur.
5. Nefndin skal, eftir því sem hún telur við eiga, senda sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, sjóðum og stofnunum þeirra sem annast áætlanagerð á þeirra vegum og öðrum bærum stofnunum skýrslur frá aðildarríkjunum, til þess að unnt sé að taka fyrir beiðni um, eða vísbendingu um þörf fyrir, tæknilega ráðgjöf eða aðstoð, sem þar kemur fram,

ásamt athugasemdum nefndarinnar og tilmælum, ef um þau er að ræða, viðvíkjandi þessum beiðnum eða vísbendingum.

37. gr.

Samvinna milli aðildarríkjanna og nefndarinnar.

1. Sérhvert aðildarríki skal vinna með nefndinni og aðstoða nefndarmenn við að uppfylla skyldur sínar eftir því umboði sem þeim er veitt.
2. Nefndin skal, í samskiptum sínum við aðildarríkin, taka eðlilegt tillit til leiða og aðferða við að auka getu innanlands til þess að framkvæma samning þennan, einnig í gegnum alþjóðlegt samstarf.

38. gr.

Tengsl nefndarinnar við aðrar stofnanir.

Í því skyni að greiða fyrir árangursríkri framkvæmd samnings þessa og að stuðla að samvinnu þjóða í milli á því sviði sem hann fjallar um:

- a) skulu sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir þeirra hafa rétt til þess að eiga fyrisvar þegar fjallað er um framkvæmd þeirra ákvæða samnings þessa sem umboð þeirra tekur til. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanirnar og aðrar bærar stofnanir, eftir því sem hún telur við hæfi, að þær leggi fram sérfræðilít um framkvæmd samningsins innan þeirra sviða sem umboð hverrar um sig tekur til. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanir og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna að þær leggi fram skýrslur um framkvæmd samningsins á þeim sviðum sem starfsemi þeirra tekur til.
- b) Þegar nefndin uppfyllir skyldur sínar eftir umboði sínu skal hún hafa samráð, eftir því sem við á, við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, sem er komið á fót samkvæmt alþjóðasamningum um mannréttindi, í því skyni að tryggja samsvörun leiðbeininga, tillagna og almennra tilmæla hverrar um sig viðvíkjandi skýrslugerð og að forðast tvíverknað og skörun í störfum þeirra.

39. gr.

Skýrsla nefndarinnar.

Nefndin skal gefa allsherjarþinginu og efnahags- og félagsmálaráðinu skýrslu um starfsemi sína og getur lagt fram tillögur og almenn tilmæli byggð á könnun skýrslna og upplýsinga frá aðildarríkjunum. Slíkar tillögur og almenn tilmæli ber að fella inn í skýrslu nefndarinnar ásamt athugasemdum frá aðildarríkjunum, ef um þau er að ræða.

40. gr.

Þing aðildarríkjanna.

1. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu hittast reglulega á þingi aðildarríkjanna í því skyni að fjalla um öll mál er varða framkvæmd samnings þessa.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman þing aðildarríkjanna eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjórinn boðar til funda annað hvert ár eftir það eða eins oft og þing aðildarríkjanna ákveður.

41. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

42. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um samvinnu í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 30. mars 2007 að telja.

43. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundinn af samningi þessum.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu undirritunarríkja og formlega staðfestingu svæðisstofnana um samvinnu sem undirrita hann. Samningurinn skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers ríkis eða svæðisstofnunar um samvinnu sem ekki hefur undirritað hann.

44. gr.

Svæðisstofnanir um samvinnu.

1. „Svæðisstofnun um samvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og hefur valdheimildir, sem aðildarríki hennar veita henni, til að fara með málefni sem samningur þessi fjallar um. Svæðisstofnanir um samvinnu skulu greina, í skjölum sínum um formlega staðfestingu eða aðild, frá valdmörkum sínum með tilliti til mála sem samningur þessi fjallar um. Þær skulu síðar meir tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verða kann á valdheimildum þeirra og skiptir máli.
2. Vísanir til „aðildarríkja“ í samningi þessum eiga við fyrrnefndar stofnanir eins langt og valdheimildir þeirra ná.
3. Að því er varðar 1. mgr. 45. gr. og 2. og 3. mgr. 47. gr. samnings þessa skal eigi telja með skjöl sem svæðisstofnun um samvinnu afhendir til vörslu.
4. Svæðisstofnanir um samvinnu geta, í málum sem valdheimildir þeirra ná til, neytt atkvæðisréttar á þingi aðildarríkja með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.

45. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu.
2. Gagnvart sérhverju ríki eða svæðisstofnun um samvinnu, sem fullgildir samning þennan, staðfestir hann formlega eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun hefur afhent viðkomandi skjal sitt til vörslu.

46. gr.

Fyrirvarar.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara sem eru í ósamræmi við markmið og tilgang samnings þessa.
2. Heimilt er að draga fyrirvara til baka hvenær sem er.

47. gr.

Breytingar.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt fram breytingartillögu við samning þennan og sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda aðildarríkjunum allar breytingartillögur, ásamt beiðni um að honum verði tilkynnt hvort þau séu því meðmælt að haldið verði þing aðildarríkja í því skyni að fjalla um þær og afgreiða. Komi í ljós, innan fjögurra mánaða frá því að aðalframkvæmdastjórinn sendir fyrirnefndar tillögur, að minnst þriðjungur aðildarríkjanna sé meðmæltur þinghaldi skal aðalframkvæmdastjórinn kalla þingið saman á vegum Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sérhverja breytingartillögu, sem er samþykkt með tveimur þriðju hluta atkvæða þeirra aðildarríkja sem eiga fulltrúa sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, til samþykktar og í framhaldi af því öllum aðildarríkjum til staðfestingar.
2. Breyting, sem er innleidd og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda samningsríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt. Eftir það öðlast breytingin gildi gagnvart hvaða aðildarríki sem er á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörslu. Breyting er aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana.
3. Breyting, sem er innleidd og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og varðar 34., 38., 39. og 40. gr. einvörðungu, skal, ákveði þing aðildarríkja það einróma, öðlast gildi gagnvart öllum aðildarríkjum á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda aðildarríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt.

48. gr.

Úrsögn.

Aðildarríki getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Úrsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

49. gr.

Aðgengilegt form.

Texti samnings þessa skal liggja frammi í aðgengilegri mynd.

50. gr.

Gildir textar.

Textar samnings þessa á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Fylgiskjal II.

Convention on the Rights of Persons with Disabilities
Preamble

The States Parties to the present Convention

- a) Recalling the principles proclaimed in the Charter of the United Nations which recognize the inherent dignity and worth and the equal and inalienable rights of all members of the human family as the foundation of freedom, justice and peace in the world,
- b) Recognizing that the United Nations, in the Universal Declaration of Human Rights and in the International Covenants on Human Rights, has proclaimed and agreed that everyone is entitled to all the rights and freedoms set forth therein, without distinction of any kind,
- c) Reaffirming the universality, indivisibility, interdependence and interrelatedness of all human rights and fundamental freedoms and the need for persons with disabilities to be guaranteed their full enjoyment without discrimination,
- d) Recalling the International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights, the International Covenant on Civil and Political Rights, the International Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination, the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, the Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, the Convention on the Rights of the Child, and the International Convention on the Protection of the Rights of All Migrant Workers and Members of Their Families,
- e) Recognizing that disability is an evolving concept and that disability results from the interaction between persons with impairments and attitudinal and environmental barriers that hinders their full and effective participation in society on an equal basis with others,
- f) Recognizing the importance of the principles and policy guidelines contained in the World Programme of Action concerning Disabled Persons and in the Standard Rules on the Equalization of Opportunities for Persons with Disabilities in influencing the promotion, formulation and evaluation of the policies, plans, programmes and actions at the national, regional and international levels to further equalize opportunities for persons with disabilities,
- g) Emphasizing the importance of mainstreaming disability issues as an integral part of relevant strategies of sustainable development,
- h) Recognizing also that discrimination against any person on the basis of disability is a violation of the inherent dignity and worth of the human person,
- i) Recognizing further the diversity of persons with disabilities,
- j) Recognizing the need to promote and protect the human rights of all persons with disabilities, including those who require more intensive support,
- k) Concerned that, despite these various instruments and undertakings, persons with disabilities continue to face barriers in their participation as equal members of society and violations of their human rights in all parts of the world,

- l) Recognizing the importance of international cooperation for improving the living conditions of persons with disabilities in every country, particularly in developing countries,
- m) Recognizing the valued existing and potential contributions made by persons with disabilities to the overall well-being and diversity of their communities, and that the promotion of the full enjoyment by persons with disabilities of their human rights and fundamental freedoms and of full participation by persons with disabilities will result in their enhanced sense of belonging and in significant advances in the human, social and economic development of society and the eradication of poverty,
- n) Recognizing the importance for persons with disabilities of their individual autonomy and independence, including the freedom to make their own choices,
- o) Considering that persons with disabilities should have the opportunity to be actively involved in decision-making processes about policies and programmes, including those directly concerning them,
- p) Concerned about the difficult conditions faced by persons with disabilities who are subject to multiple or aggravated forms of discrimination on the basis of race, colour, sex, language, religion, political or other opinion, national, ethnic, indigenous or social origin, property, birth, age or other status,
- q) Recognizing that women and girls with disabilities are often at greater risk, both within and outside the of violence, injury or abuse, neglect or negligent treatment, maltreatment or exploitation,
- r) Recognizing that children with disabilities should have full enjoyment of all human rights and fundamental freedoms on an equal basis with other children, and recalling obligations to that end undertaken by States Parties to the Convention on the Rights of the Child,
- s) Emphasizing the need to incorporate a gender perspective in all efforts to promote the full enjoyment of human rights and fundamental freedoms by persons with disabilities,
- t) Highlighting the fact that the majority of persons with disabilities live in conditions of poverty, and in this regard recognizing the critical need to address the negative impact of poverty on persons with disabilities,
- u) Bearing in mind that conditions of peace and security based on full respect for the purposes and principles contained in the Charter of the United Nations and observance of applicable human rights instruments are indispensable for the full protection of persons with disabilities, in particular during armed conflicts and foreign occupation,
- v) Recognizing the importance of accessibility to the physical, social, economic and cultural environment, to health and education and to information and communication, in enabling persons with disabilities to fully enjoy all human rights and fundamental freedoms,
- w) Realizing that the individual, having duties to other individuals and to the community to which he or she belongs, is under a responsibility to strive for the promotion and observance of the rights recognized in the International Bill of Human Rights,
- x) Convinced that the family is the natural and fundamental group unit of society and is entitled to protection by society and the State, and that persons with

- disabilities and their family members should receive the necessary protection and assistance to enable families to contribute towards the full and equal enjoyment of the rights of persons with disabilities,
- y) Convinced that a comprehensive and integral international convention to promote and protect the rights and dignity of persons with disabilities will make a significant contribution to redressing the profound social disadvantage of persons with disabilities and promote their participation in the civil, political, economic, social and cultural spheres with equal opportunities, in both developing and developed countries,

Have agreed as follows :

Article 1

Purpose

The purpose of the present Convention is to promote, protect and ensure the full and equal enjoyment of all human rights and fundamental freedoms by all persons with disabilities, and to promote respect for their inherent dignity.

Persons with disabilities include those who have long-term physical, mental, intellectual or sensory impairments which in interaction with various barriers may hinder their full and effective participation in society on an equal basis with others.

Article 2

Definitions

For the purposes of the present Convention:

"Communication" includes languages, display of text, Braille, tactile communication, large print, accessible multimedia as well as written, audio, plain-language, human-reader and augmentative and alternative modes, means and formats of communication, including accessible information and communication technology;

"Language" includes spoken and signed languages and other forms of non-spoken languages;

"Discrimination on the basis of disability" means any distinction, exclusion or restriction on the basis of disability which has the purpose or effect of impairing or nullifying the recognition, enjoyment or exercise, on an equal basis with others, of all human rights and fundamental freedoms in the political, economic, social, cultural, civil or any other field. It includes all forms of discrimination, including denial of reasonable accommodation;

"Reasonable accommodation" means necessary and appropriate modification and adjustments not imposing a disproportionate or undue burden, where needed in a particular case, to ensure to persons with disabilities the enjoyment or exercise on an equal basis with others of all human rights and fundamental freedoms;

"Universal design" means the design of products, environments, programmes and services to be usable by all people, to the greatest extent possible, without the need for adaptation or specialized design. "Universal design" shall not exclude assistive devices for particular groups of persons with disabilities where this is needed.

Article 3

General principles

The principles of the present Convention shall be:

- a) Respect for inherent dignity, individual autonomy including the freedom to make one's own choices, and independence of persons;
- b) Non-discrimination;
- c) Full and effective participation and inclusion in society;
- d) Respect for difference and acceptance of persons with disabilities as part of human diversity and humanity;
- e) Equality of opportunity;
- f) Accessibility;
- g) Equality between men and women;
- h) Respect for the evolving capacities of children with disabilities and respect for the right of children with disabilities to preserve their identities.

Article 4

General obligations

1. States Parties undertake to ensure and promote the full realization of all human rights and fundamental freedoms for all persons with disabilities without discrimination of any kind on the basis of disability. To this end, States Parties undertake:
 - a) To adopt all appropriate legislative, administrative and other measures for the implementation of the rights recognized in the present Convention;
 - b) To take all appropriate measures, including legislation, to modify or abolish existing laws, regulations, customs and practices that constitute discrimination against persons with disabilities;
 - c) To take into account the protection and promotion of the human rights of persons with disabilities in all policies and programmes;
 - d) To refrain from engaging in any act or practice that is inconsistent with the present Convention and to ensure that public authorities and institutions act in conformity with the present Convention;
 - e) To take all appropriate measures to eliminate discrimination on the basis of disability by any person, organization or private enterprise;
 - f) To undertake or promote research and development of universally designed goods, services, equipment and facilities, as defined in article 2 of the present Convention, which should require the minimum possible adaptation and the least cost to meet the specific needs of a person with disabilities, to promote their availability and use, and to promote universal design in the development of standards and guidelines;
 - g) To undertake or promote research and development of, and to promote the availability and use of new technologies, including information and communications technologies, mobility aids, devices and assistive technologies, suitable for persons with disabilities, giving priority to technologies at an affordable cost;
 - h) To provide accessible information to persons with disabilities about mobility aids, devices and assistive technologies, including new technologies, as well as other forms of assistance, support services and facilities;
 - i) To promote the training of professionals and staff working with persons with disabilities in the rights recognized in this Convention so as to better provide the assistance and services guaranteed by those rights.

2. With regard to economic, social and cultural rights, each State Party undertakes to take measures to the maximum of its available resources and, where needed, within the framework of international cooperation, with a view to achieving progressively the full realization of these rights, without prejudice to those obligations contained in the present Convention that are immediately applicable according to international law.
3. In the development and implementation of legislation and policies to implement the present Convention, and in other decision-making processes concerning issues relating to persons with disabilities, States Parties shall closely consult with and actively involve persons with disabilities, including children with disabilities, through their representative organizations.
4. Nothing in the present Convention shall affect any provisions which are more conducive to the realization of the rights of persons with disabilities and which may be contained in the law of a State Party or international law in force for that State. There shall be no restriction upon or derogation from any of the human rights and fundamental freedoms recognized or existing in any State Party to the present Convention pursuant to law, conventions, regulation or custom on the pretext that the present Convention does not recognize such rights or freedoms or that it recognizes them to a lesser extent.
5. The provisions of the present Convention shall extend to all parts of federal states without any limitations or exceptions.

Article 5

Equality and non-discrimination

1. States Parties recognize that all persons are equal before and under the law and are entitled without any discrimination to the equal protection and equal benefit of the law.
2. States Parties shall prohibit all discrimination on the basis of disability and guarantee to persons with disabilities equal and effective legal protection against discrimination on all grounds.
3. In order to promote equality and eliminate discrimination, States Parties shall take all appropriate steps to ensure that reasonable accommodation is provided.
4. Specific measures which are necessary to accelerate or achieve de facto equality of persons with disabilities shall not be considered discrimination under the terms of the present Convention.

Article 6

Women with disabilities

1. States Parties recognize that women and girls with disabilities are subject to multiple discrimination, and in this regard shall take measures to ensure the full and equal enjoyment by them of all human rights and fundamental freedoms.
2. States Parties shall take all appropriate measures to ensure the full development, advancement and empowerment of women, for the purpose of guaranteeing them the exercise and enjoyment of the human rights and fundamental freedoms set out in the present Convention.

Article 7
Children with disabilities

1. States Parties shall take all necessary measures to ensure the full enjoyment by children with disabilities of all human rights and fundamental freedoms on an equal basis with other children.
2. In all actions concerning children with disabilities, the best interests of the child shall be a primary consideration.
3. States Parties shall ensure that children with disabilities have the right to express their views freely on all matters affecting them, their views being given due weight in accordance with their age and maturity, on an equal basis with other children, and to be provided with disability and age-appropriate assistance to realize that right.

Article 8
Awareness-raising

1. States Parties undertake to adopt immediate, effective and appropriate measures:
 - a) To raise awareness throughout society, including at the family level, regarding persons with disabilities, and to foster respect for the rights and dignity of persons with disabilities;
 - b) To combat stereotypes, prejudices and harmful practices relating to persons with disabilities, including those based on sex and age, in all areas of life;
 - c) To promote awareness of the capabilities and contributions of persons with disabilities.
2. Measures to this end include:
 - a) Initiating and maintaining effective public awareness campaigns designed:
 - i. To nurture receptiveness to the rights of persons with disabilities;
 - ii. To promote positive perceptions and greater social awareness towards persons with disabilities;
 - iii. To promote recognition of the skills, merits and abilities of persons with disabilities, and of their contributions to the workplace and the labour market;
 - b) Fostering at all levels of the education system, including in all children from an early age, an attitude of respect for the rights of persons with disabilities;
 - c) Encouraging all organs of the media to portray persons with disabilities in a manner consistent with the purpose of the present Convention;
